

**Umhverfisnefnd Alþingis**  
**Hlín Lilja Sigfúsdóttir**  
**Alþingi v/Austurvöll**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 13. janúar 2005  
2004120014/42-4  
SB/ph

**Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 33. mál**

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 14. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994. Breytingartillagan beinist að 1. mgr. 20. gr. laganna og felst í því að færa fram um tvær vikur (þ.e. frá 15. apríl til 1. apríl) gildandi bann, án leyfis varpeiganda, við netlögnum í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 metrum. Breytingartillagan er sett fram til þess að draga úr afföllum æðarfugls í netum í ljósi þess að upphaf grásleppuvertíðar hefur færst fram hin síðari ár.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggst ekki gegn þessari breytingu, en bendir á eftirfarandi. Í fyrsta lagi hefst grásleppuvertíðin á mismunandi tímum eftir landshlutum og sums staðar löngu fyrir 1. apríl. Í öðru lagi eru líffræðileg verndarrök fyrir breytingunni hæpin þar sem æðarfugl er ekki farinn að þétta sig við vörpin á þessum tíma (1.-15. apríl), en heldur sig með ströndinni ýmist dreifður eða í stórum pörunarhópum. Breytingin gæti því verið íþyngjandi fyrir grásleppukarla án þess að skila tilætlaðri vernd; meiri vernd fengist hugsanlega með því að kortleggja þá staði við ströndina þar sem æðarfugl hópar sig snemma vors til pörunar og banna netlagnir á þeim svæðum. Í þriðja lagi þarf að skoða hvort þessi breyting kallar á endurfriðlýsingu æðarvarpa skv. reglugerð 252/1996.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

